



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í opinberri heimsókn til Mosfellsbæjar
9. ágúst 2017**

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar og bæjarstjórn,
aðrir góðir gestir

Ég óska íbúum Mosfellsbæjar hjartanlega til hamingju með daginn. Þrítugsafmæli ber að fagna með virktum. Í lífi einstaklings bera þau tímamót með sér að ungdóms- og þroskaárin eru að baki; svokölluð alvara lífsins framundan. Fólk hefur gjarnan aflað sér þeirrar menntunar sem það óskaði sér, jafnvel fundið sér lífsförunaut og stofnað fjölskyldu, byggt sér heimili, fest rætur.

Hér í Mosfellsbæ má finna marga sem þannig er ástatt um. Mosfellsbær er fjölskylduvænt sveitarfélag. Hér er öflugt íþrótt- og tómstundastarf, sundlaugar og golfvelli, annar þeirra með glænýrri íþróttamiðstöð og gott var að matast þar í hádeginu! Skólar og leikskólar eru með ágætum, Krikaskóli sem við kynntum okkur í dag og jafnframt minnst ég fróðlegrar heimsóknar í Framhaldsskólann fyrr á þessu ári. Þá fékk ég þann heiður að afhenda Gulleplið, viðurkenningu landlæknis fyrir átak á sviði heilsuefningar.

Góð heilsa er hér einmitt í hávegum höfð, Mosfellsbær fyrsta sveitarfélag landsins sem hefur sett sér það markmið, í samstarfi við embætti landlæknis og fleiri, að vera heilsueflandi samfélag, með áherslu á heilbrigði íbúa.

Staðhættir í Mosfellsbæ gætu í raun vart verið hentugri til útivistar og hressingar á líkama og sál. Hér eru græn tún og lundir hvarvetna, fjöll og fjara innan seilingar. Og ekki er það tilviljun að í sveitarfélaginu eru stofnanir sem veita veikum og öðrum skjól eða aðstoð. Hér er Skálatúnsheimilið góða – gaman var að fá gesti þaðan í heimsókn á Bessastaði í vetur sem leið. Hér eru Múlalundur og Reykjalandur með öll

sín úrræði fyrir þá sem á þeim þurfa að halda, og Reykjadalur, eftirsóttur dvalarstaður fyrir fötluð börn og ungmenni.

Örnefnin segja sitt um ein gæðin enn í Mosfellsbæ, hitann sem er hér í jörðu. Varmá er eitt lýsandi heiti til viðbótar og mörg fleiri mætti nefna. Gleymum því ekki að það var á Suður-Reykjum hér í grennd að jarðhiti var fyrst nýttur til húshitunar hér á landi, hveravatn veitt heim að bænum árið 1908.

Ylurinn hefur lengi orðið að gagni hér og lagði grundvöll að öflugri ræktun blóma og hvers kyns matjurta; það fengum við að sjá í Dalsgarði í dag. Áður fyrr var ullarvinnslan á Álafossi líka landsþekkt; nú er þar önnur öflug starfsemi, meira að segja hnífasmíði, sú eina á landinu, er mér sagt. Þá er saga Korpúlfsstaða merkur hluti sögu íslensks landbúnaðar á fyrri hluta síðustu aldar, reyndar stjórnmalasögunnar um leið. Ekki ber eins mikið á hefðbundnum búskap hér og áður, satt er það. Í hans stað hafa ferðapjónustubændur haslað sér völl í Mosfellsdalnum og víðar, og bjóða sumir langt að komnum gestum á hestbak. Og ekki má gleyma skógræktinni. Í fallegum lundi Skógræktarfélag Mosfellsbæjar við Hamrahlíð hófum við einmitt í morgun þessa heimsókn.

Ágætu Mosfellingar! Alltaf má gera betur og ég þykist vita að íbúar sveitarfélagsins og stjórnendur keppi að því. En á afmælisdeginum er engin ástæða til annars en að fagna góðum áfanga og horfa björtum augum fram á veg. Þetta er okkar verkefni, að búa okkur sjálfum og börnum okkur fallett, öruggt og réttlátt samfélag. Að því skulum við áfram stefna.

Við skulum þó ekki gleyma sögunni, fjársjóðum liðinnar tíðar. Ekki hafa menn enn fundið silfur Egils, fjársjóðinn sem Egils saga Skallagrímssonar segir okkur frá, en leyfið mér að rifja upp vísbendingar sögunnar:

Fyrir austan garð að Mosfelli gengur gil ofan úr fjalli; en það hefir orðið þar til merkja, að í bráðapeyjum er þar vatnfall mikið, en eftir það er vötnin hafa fram fallið, hafa fundist í gílinu enskir peningar; geta sumir menn þess, að Egill muni þar féð hafa fólgið. Fyrir neðan tún að Mosfelli eru fen stór og furðulega djúp; hafa það margir fyrir satt, að Egill muni þar hafa kastað í fé sínu. Fyrir sunnan ána eru laugar og þar skammt frá jarðholur stórar, og geta þess sumir, að Egill mundi þar hafa fólgið fé sitt, því að þangað er oftlega sénn haugaeldur. Egill sagði, að hann hefði drepið þræla Gríms, og svo það, að hann hafði fé sitt fólgið, en það sagði hann engum manni, hvar hann hefði fólgið.

Kæru vinir, fróðlegt var að kynnast fyrir í dag fornleifauppgreftinum á Hrísrú – ekki hefur silfrið fundist þar en aukin vitneskja um líf á

landnámsöld er gulls ígildi, styrkir okkar sameiginlega og margbrotna menningararf. Ekki hafa heldur fundist bein Egils, og höfum við nú samt líka vitnisburð um samastað þeirra, „í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli“, segir í Eglu. Í Innansveitarkroniku hefur Halldór Laxness eftir forspáum mönnum að beinin muni ekki aftur finnast fyrr en á Iðavelli þar sem æsir mætast eftir ragnarök og lýst er í Völuspá.

Kirkja stendur enn að Mosfelli. Það má reyndar undrum sæta eins og skáldið rakti áfram í sinni frábæru lýsingu á mannlífi og sögu æskuslóðanna:

Sé litið heim að Mosfelli núna væri ætlanda að kirkjan hefði staðið þar á hólnum og turninn borið við ský síðan í fornöld. Svo er þó eigi. Aftur og aftur hvarf kirkja þessi af hólnum. Æ ofaní æ var hún rækilega burt máð af blöðum sögunnar, numin úr lögum guðs og manna, ekki nefnd í skilríkjum, ekki vísa um hana til í munnmælum. Hafi nokkur kirkja nokkru sinni getað hrópað með nokkrum rétti guð minn hví hefur þú yfirgefið mig, þá er það Mosfellskirkja.

Kæru vinir! Sögurnar sem eiga sitt svið á þessum slóðum lifa enn með okkur Íslendingum. Ég hef áður minnst á heilsueflandi samfélag ykkar Mosfellinga. Í þeim efnum skiptir menning líka máli. Hús skáldsins á Gljúfrasteini, sem við vitjuðum í dag, er ekki aðeins minnisvarði um glæsileg afrek og einstakt lífshlaup heldur lifandi vettvangur bókmennta og annarra lista. Listamenn hafa einmitt sett sinn svip á Mosfellsbæ, ekki síst með sköpun sinni í Álafoskvosinni, og flestir Íslendingar kannast við Hulduhóla, það fallega listasetur við Þjóðveginn. Þá fæ ég ekki varist þeirri hugsun að hér séu fleiri kórar miðað við íbúafjölda en í nokkurri annarri sveit. Í morgun fengum við að njóta tóna lúðrasveitar og hér í Hlégarði, þessu söguríka félagsheimili hlýddum við rétt áðan á söng og tónlist fyrirverandi bæjarlistamanna.

Ágætu Mosfellingar! Áfram mætti lýsa kostum ykkar ágæta sveitarfélags sem hefur vaxið og dafnað í þau þrjátíu ár sem eru liðin síðan kaupstaðarréttindi fengust. Stefnið ætíð að því að halda í heiðri einkunnarorð ykkar: Virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju. Þar að auki var gleðiefni að heyra bæjarstjóra ykkar lýsa í þessum ræðustól nýrri framtíðarsýn sveitarfélagsins, með rétta þjónustu að leiðarljósi, flott fólk og stolt samfélag. Fyrir hönd okkar hjóna ítreka ég hamingjuóskir til ykkar á þessum fallega afmælisdegi, þakka fyrir góðar móttökur og árna ykkur allra heilla í framtíðinni.